

Mosfellsbær  
b/t Lára Gunnarsóttir  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 7. ágúst 2019  
UST201907-202/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Frístundabyggð við Selvatn - Mosfellsbær**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar er barst 23. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð við Selvatn í Mosfellsbæ.

Í lýsingu kemur fram að um er að ræða deiliskipulag tæplega 10 ha, landsvæðis fyrir 11 tómstundarhús við norðanvert Selvatn.

#### **Votlendi**

Í greinargerð er svæðinu lýst sem gróin holt og votlendi, sem æskilegt væru að vernda og tekur Umhverfisstofnun undir það.

Stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur m.a. fram í gr.5.3.2.17., þar sem fjallað er um verndun svæða og einstakra mannvirkja að heimilt er við gerð deiliskipulags að setja ákvæði um hverfisvernd þótt slíkt svæði sé ekki afmarkað í aðalskipulagi, svo sem til að vernda náttúrumínjar, náttúrufar og gróður vegna náttúrulegs gildis. Auk þess kemur fram í greininni að gera skal grein fyrir ástæðu hverfisverndarinnar og hvaða skilmálar gilda um framkvæmdir og umgengni.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýrvist sem er með mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfust verndar.

Í starungsmýrvist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóuþræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóuþræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

## Selvatn

Frístundabyggðin sem hér um ræðir liggur að Selvatni, en Umhverfisstofnun bendir á að Selvatn fellur undir a. lið 1. mgr 61. gr. laga nr 60/2013 um náttúruvernd þar sem vatnið er stoðuvatn sem er stærra en 1 000 m<sup>2</sup> að flatarmáli.

Í 61 gr laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa sem taldar eru upp í 1 mgr greinarinnar Skv. 3. mgr. ber að forðast roskun þeirra náttúrufyrrbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hend. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkirk hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við votn skal leitast við að viðhalda háttúrulegum bakkagróðri við ár og stoðuvotn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bokkum og næsta umhverfi vatnsins


## Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að oll fráveita skal vera skv reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur